

Sp. 68. Tillaga til þingsályktunar [63. mál]

um starfrækslu strandstöðvar til fjarskiptaþjónustu á Gufuskálum á Snæfellsnesi.

Flm.: Skúli Alexandersson, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að Landssími Íslands komi upp og starfræki strandstöð á Gufuskálum eða á öðrum stað á Snæfellsnesi, sem tryggir alhliða fjarskiptaþjónustu fyrir hafsvæðið frá sunnanverðum Vestfjörðum um djúpmið Breiðafjarðar suður fyrir Snæfellsnes.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 102. löggjafarþinginu, en hlaut ekki af greiðslu fyrir þinglok. Tillagan er nú flutt að nýju.

Fjarskiptasamband skipa á milli og frá þeim til strandstöðva er einn aðalþátturinn við það að gæta öryggis sæfarenda. Jafnframt er með fjarskiptunum haldið uppi sambandi milli ættingja og vina, útgerðar- og viðskiptamanna í landi frá þeim sem á sjónum eru.

Grunnurinn undir þessari starfsemi og um leið sá þátturinn, sem öryggisþjónustan byggir mest á, eru strandstöðvar Landssíma Íslands.

Strandstöðvarnar eru ekki enn það vel búnar að þjónusta þeirra nái til alls hafsvæðisins umhverfis landið. Sérstaklega á þetta við um VHF eða metrabylgjukerfið, en sífellt fleiri skip hafa tekið upp viðskipti á metrabylgju í stað millibylgju. Í 7. gr. laga um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40 frá 1977, 2. málsg., segir: „Landssíminn skal einnig sjá um, að skipum á þeim hafsvæðum hér við land, sem búa við mjög slæm móttökuskilyrði, verði bætt aðstaðan með uppsetningu nýrra strandstöðva.“

Svæðið frá sunnanverðum Vestfjörðum um djúpmið Breiðafjarðar suður fyrir Snæfellsnes fellur undir þær aðstæður sem nefndar eru í þessari lagagrein. Móttökuskilyrðin á svæðinu eru það vond að hin lögbundna tilkynningarskylda fiskiskipa hefur meira og minna fallið niður. Loðnunefnd hefur einnig gengið illa að hafa samband við sín viðskipta- og veiðiskip á þessu svæði. Uppsetning og rekstur strandstöðvar Landssímans fyrir þetta svæði er því öryggismál sem eðlis málsins vegna þarf ekki að fjölyrða um.

Á Gufuskálum á Snæfellsnesi hefur Landssími Íslands yfir að ráða aðstöðu, sem gerir auðvelt að koma upp slíkri strandstöð nú þegar. Þar er fyrir hendi íbúðarhúsnæði fyrir starfsmenn, og aðrar aðstæður ættu að gera auðvelt að starfrækja þar strandstöð, m. a. rafmagnsframleiðsla með vélum sem tryggir starfsemi óháða rafmagni fluttu eftir óruggum flutningslínunum.

Nú munu vera til athugunar hugmyndir um það að leggja niður vakt við sumar af strandstöðvum Landssímans og fjarstýra þeim frá Gufunesi. Slíkar hugmyndir eru að mati flutningsmanna þessarar tillögu rangar — miklu frekar er þörf á fleiri strandstöðvum en að dregið sé úr starfsemi þeirra sem fyrir eru. Á það skal bent, að eftir að strandstöð væri tekin til starfa á Gufuskálum og öruggt metrabylgjusamband komið á frá Vestfjörðum suður fyrir Snæfellsnes eru enn eftir stór svæði við landið sem ekki hafa slíkt samband frá strandstöðvum. Þar er um að ræða Húnaflóa og Skagafjörð og hafsvæði þar út af, Héraðsflóa, suðurfirði Austfjarða, þ. e. svæðið milli Nes- og Hornafjarðarradíós, sem þessar strandstöðvar ná ekki að þjóna. Því takmarki verður að ná mjög skjótt, að öllum þessum svæðum verði veitt fullnægjandi þjónusta frá strandstöð Landssíma Íslands.